

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 509/2013

2014/EES/4/21

frá 3. júní 2013

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun nokkurra aukefna í tiltekna áfenga drykki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 10. febrúar 2011 lagði landsráðið um vinnuáætlun og mjaðarbrugghús (e. *Meadery*) í Póllandi (p. *Krajowa Rada Winiarstwa i Miodosytnictwa*) fram umsókn um að breyta skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni til að unnt sé að leyfa notkun nokkurra aukefna í tiltekna áfenga drykki, sem lýst er í tilskipun Póllands frá 12. maí 2011 um framleiðslu og átöppun vínaferða, viðskipti með þessar afurðir og skipulagningu markaðsins⁽³⁾ (hér á eftir nefnd „pólska tilskipunin um vínaferðir“).
- 4) Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi)⁽⁴⁾ gilda ekki um áfengu drykkina sem falla undir gildissvið pólsku tilskipunarinnar um vínaferðir þar eð þeir falla ekki undir neinn þeirra flokka vinnuáætlunarferða sem skráðir eru í XI. viðauka b við þá reglugerð. Kryddaðar vörur, sem pólska tilskipunin um vínaferðir gildir um, falla því ekki heldur undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1601/91 frá 10. júní um almennar reglur varðandi skilgreiningu,

lýsingu og kynningu á kryddvínunum, drykkjum blönduðum með kryddvínunum og hanastélum blönduðum með kryddvínunum⁽⁵⁾.

- 5) Notkun aukefna í afurðir sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2007 er heimilud með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnuáætlunarferða, vinnuáætlunarferðir og takmarkanir þar að lútandi⁽⁶⁾ og framkvæmdarráðstöfunum þeirra. Þessar gerðir gilda ekki um þá áfengu drykki sem falla undir pólsku tilskipunina um vínaferðir.
- 6) Í 1. mgr. 113. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er þó kveðið á um að aðildarríkin geti heimilað notkun á heitinu „vín“ fyrir aðrar afurðir en þær sem kveðið er á um í XI. viðauka b við þá reglugerð ef því fylgir, í samsettu heiti, heiti aldins til að markaðssetja afurðir fengnar með gerjun annarra aldina en þrúgna eða ef það er hluti af samsettu heiti. Í samræmi við 1. mgr. 113. gr. d. í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 heimilaði Pólland notkun á heitinu „vín“ fyrir þá áfengu drykki sem skráðir eru í pólsku tilskipuninni um vínaferðir. Því skal skrá notkun aukefna í þessum afurðum í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 án þess að það hafi áhrif á þær reglur sem gilda í öðrum aðildarríkjum að því er varðar heiti þessara afurða.
- 7) Áfengir drykkir, sem eru skráðir í pólsku tilskipunina um vínaferðir, tilheyrja eftirfarandi matvælaflokkum sem eru tilgreindir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008:
 - Wino owocowe markowe (ávaxtavín með vörumerki (e. *Mark fruit wine*)), wino owocowe wzmacniane (styrkt ávaxtavín), wino owocowe aromatyzowane (kryddað ávaxtavín), wino z soku winogronowego (vín úr þrúgusafa) og aromatyzowane wino z soku winogronowego (kryddað vín úr þrúgusafa) skulu skráð í flokk 14.2.4: „Ávaxtavín og gervívín“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008,
 - *Nalewka na winie owocowym* (tinktúra úr ávaxtavíni), *aromatyzowana nalewka na winie owocowym* (krydduð tinktúra úr ávaxtavíni), *nalewka na winie z soku winogronowego* (tinktúra úr víni úr þrúgusafa), *aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego* (krydduð tinktúra úr víni úr þrúgusafa), *napój winny owocowy lub miodowy* (drykkir að stofni til úr ávaxta- eða hunangsvíni),

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 4.6.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Dziennik Urzędowy z 2011 r. Nr 120, poz. 690.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

- aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy* (kryddaðir drykkir að stofni til úr ávaxta- eða hunangsvíni), *wino owocowe niskoalkoholowe* (ávaxtavín með lítið áfengisinnihald) og *aromatyzowane wino owocowe niskoalkoholowe* (kryddað ávaxtavín með lítið áfengisinnihald) skulu skráð í flokk 14.2.8 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008: „Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“.
- 8) Leyfi fyrir notkun aukefna í afurðirnar sem falla undir pólsku tilskipunina um vínafurðir leiðir ekki til aukinna váhrifa á neytendur þessara efna og skapar því ekki öryggisvanda.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á nokkrum aukefnum í tiltekna áfenga drykki sem falla undir pólsku tilskipunina um vínafurðir telst uppfærsla á þeirri skrá sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslanna fyrir flokka II. og III. og aukefnin E 160d, E 242 og E 353 í matvælaflökki 14.2.4 „Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)“ komi eftirfarandi:

„II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	eftir þörfum	að undanskildu vín owoocowe markowe
III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	200	að undanskildu vín owoocowe markowe
E 160d	Lýkópen	10	að undanskildu vín owoocowe markowe
E 242	Dimetylíðikarbonat	250	Einungis ávaxtavín, alkóhólskert vín og vín owoocowe markowe, vín owoocowe wznocione, vín owoocowe aromatyzowane, vín z soku winogronowego og aromatyzowane vín z soku winogronowego
E 353	Metavínsýra	100	einungis gervivín og vín z soku winogronowego og aromatyzowane vín z soku winogronowego“

2) Eftirfarandi færsla fyrir E 1105 í matvælaflökki 14.2.4 „Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)“ bætist við:

„E 1105	Lýsósím	eftir þörfum	einungis vín z soku winogronowego og aromatyzowane vín z soku winogronowego“

3) Matvælaflökki 14.2.8 „Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólmihald undir 15%“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslanna fyrir flokk III., E 123 og E 200–203 komi eftirfarandi:

„III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	200	einungis áfengir drykkir með alkóhólmihald undir 15% og nalewka na winie owoocowym, aromatyzowana nalewka na winie owoocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owoocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owoocowy lub miodowy, vín owoocowe niskoalkoholowe og aromatyzowane vín owoocowe niskoalkoholowe
E 123	Amarant	30	einungis áfengir drykkir með alkóhólmihald undir 15% og nalewka na winie owoocowym, aromatyzowana nalewka na winie owoocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owoocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owoocowy lub miodowy, vín owoocowe niskoalkoholowe og aromatyzowane vín owoocowe niskoalkoholowe

E 200–203	Sorbinsýra — sorbót	200	(1) (2)	einungis áfengir drykkir með alkóhólinnihaldi undir 15% og nalewka na winie owocowym, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy, wino owocowe niskoalkoholowe
b) Eftirfarandi færsla fyrir E 220–228 bætist við á eftir færslunni fyrir E 210–213 „Bensósýra—bensóöt“:				
„E 220–228	Bremisteinsdíoxíð — sulfít	200	(3)	einungis nalewka na winie owocowym, aromatyzowana nalewka na winie owocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy, wino owocowe niskoalkoholowe
c) Eftirfarandi færsla fyrir E 353 bætist við á eftir færslunni fyrir E 338–452 „Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt“:				
„E 353	Metavínsýra	100	einungis nalewka na winie z soku winogronowego og aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego	
d) Eftirfarandi færsla fyrir E 1105 bætist við:				
„E 1105	Lýsósím	efir þörfum		einungis nalewka na winie owocowym, aromatyzowana nalewka na winie owocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy, wino owocowe niskoalkoholowe